



ÚRVAL ÚTSÝN



**ÁSTRALÍA**  
SYDNEY OG CANBERRA  
31. JANÚAR — 18 DAGAR



**KÚBA**  
FALLEG OG  
KYNNGIMÖGNUM  
10. NÓVEMBER  
8 DAGAR

FLEIRI  
FERÐIR Í  
BODI




**EGYPTALAND**  
GIZA, KAÍRÓ OG LÚXUS FLJÓTA-  
SIGLING NIÐUR NÍL  
4. APRÍL — 10 DAGAR

## LANGAR ÞIG Í ÆVINTÝRI?

ÚRVAL SÉRFERÐA OG SIGLINGA Á FRAMANDI SLÓÐIR



**VIÉTNAM & KAMBÓDÍA**  
LÚXUS FLJÓTASIGLING UM UNÐUR MEKONG  
23. NÓVEMBER — 13 DAGAR



**MAROKKÓ**  
EYÐIMERKURPERLAN  
MARRAKESH  
OKTÓBER  
5 EDA 8 DAGAR

FLEIRI  
FERÐIR Í  
BODI



**PANAMA**  
SKURÐURINN  
SIGLING FRÁ SAN FRANCISCO  
TIL FLÓRÍDA  
13. FEBRÚAR — 20 DAGAR

SUÐUR-AFRÍKA, THAILAND, ÍTALÍA,  
KAMBÓDÍA, KÚBA, BAHAMA OG FLEIRA!

FYRIRTÆKI, KLÚBBAR, SAMTÖK OG HÓPAR  
FÁIÐ VERÐTILBOÐ Í FERÐINA YKKAR

SENDIÐ PÓST Á [HOPAR@UU.IS](mailto:HOPAR@UU.IS)



# ★ KOMDU MEÐ Í ÆVINTÝRI ★




**MAROKKÓ** 13.–20. OKTÓBER OG 20.–27. OKTÓBER  
**MARRAKESH EYÐIMERKURPERLAN**  
 VERÐ FRÁ **135.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.




**THAILAND BANGKOK & HUA HIN**  
 VERÐ FRÁ **269.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn. Mikíð innifalið, nánar í ferðalýsingu.

**EINSTAKT VERÐ**  
 KRISTJÁN STEINSSON  
 FARARSTJÓRI




10.–14. OKTÓBER  
**VALENCIA VINSÆL OG VINALEG**  
 VERÐ FRÁ **97.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.




**SUÐUR-AFRÍKA FRAMANDI OG FÖGUR**  
 VERÐ FRÁ **489.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikíð innifalið, nánar í ferðalýsingu.

**ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
 VILLI FARARSTJÓRI  
 BÓI FARARSTJÓRI

**FYRRI FERÐIN SEÐIÐ LIPP**




**KÚBA STRANDPARADÍSIN VARADERO**  
 VERÐ FRÁ **243.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn **ALLT INNIFALIÐ.**

**ALLT INNIFALIÐ**




10. NÓVEMBER — 8 DAGAR  
**KÚBA FALLEG OG KYNNINGIMÖGNUÐ**  
 VERÐ FRÁ **348.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GRÉTA GUBJÓNSDÓTTIR  
 FARARSTJÓRI




**STRASSBORG AÐVENTUFERÐ**  
 VERÐ FRÁ **148.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

INGEBJÓRG LÁRUSDÓTTIR  
 FARARSTJÓRI

**\* JÚL 2018**




**BAHAMA & JÓMFRÚAEYJAR**  
 VERÐ FRÁ **398.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

DR. HJÁLMAUR JÓNSSON  
 FARARSTJÓRI

**SIÐLING**




**KAÍRÓ OG SIGLING Á NÍL**  
 VERÐ FRÁ **319.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

EGYPTALAND 4.–13. APRÍL




**VIÉTNAM, KAMBÓDÍA OG UNÐUR MEKONG**  
 VERÐ FRÁ **669.700 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

MEKONG FLJÓTIÐ 23. NÓVEMBER – 6. DESEMBER

**PLJÓSKAÐING**




**Á KONUNGASLÓÐUM**  
 VERÐ FRÁ **179.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

MAROKKÓ 13.–20. OKTÓBER




**TOSKANA FERÐ FYRIR SÆLKERA**  
 VERÐ FRÁ **178.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 3 fullorðna.

ÍTALÍA 23.–30. OKTÓBER

**ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
 HLJÓÐIS HILDUR  
 FARARSTJÓRI




**LÚXUS VINKONUFERÐ**  
 VERÐ FRÁ **199.900 KR.**  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

TENERIFE 20.–27. NÓVEMBER

SIGRÍÐUR SARA  
 FARARSTJÓRI




**ADVENTUFERÐIR VETUR 2018**  
**HAMBORG** 29. NÓV. VERÐ FRÁ **89.900 KR.**  
**BERLÍN** 30. NÓV. VERÐ FRÁ **79.900 KR.**  
**BRUSSEL** 29. NÓV. VERÐ FRÁ **88.900 KR.**  
**DUBLIN** 30. NÓV. VERÐ FRÁ **69.900 KR.**  
 Flug, farangur, 3–5 nætur á 3–4 stjörnu hóteli með morgunverði.  
 Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 3–5 daga.

**\* JÚL 2018**

**FYRIRTÆKI, KLÚBBAR,  
 SAMTÖK OG HÓPAR**

**FÁIÐ VERÐTILBOÐ  
 Í FERÐINA YKKAR**

**SENDIÐ PÓST Á HOPAR@UU.IS**





Forseti á flugi. Guðni Th. Jóhannesson var meðal viðstaddra á Tungubakkflugvelli um helgina þar sem fram fór fornvélasýningin Wings and Wheels. Gamlar flugvélar, dráttarvélar, mótörhjóli og fornbílar voru þar til sýnis. Sýningin var hluti af bæjarhátíðinni í túninu heima í Mosfellsbæ og flaug forsetinn skýjum ofar. /Sjá FréttablaðiðPIÚS. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÚR

## Sjö ákærðir vegna innbrota í gagnaver

Sex eru ákærðir auk Sindra Þórs Stefánssonar fyrir aðild að þjófnaði á 600 tölvum úr þremur gagnaverum um síðustu áramót. Málið verður þingfest 11. september í Héraðsdómi Reykjaness. Málinu ekki úthlutað til dómara fyrr en mörgum vikum eftir útgáfu ákæru.

**DÓMSMÁL** Sjö eru ákærðir í einu umfangsmesta þjófnaðarmáli síðari ára hér á landi sem varðar þjófnað á 600 öflugum bitcoin leitarvélum úr þremur gagnaverum í lok síðasta árs og upphafi þessa árs.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness 11. september næstkomandi. Ákæra var gefin út í málinu fyrir mörgum vikum en vegna sumarleyfa var málinu

ekki úthlutað til dómara fyrr en í síðustu viku og þess vegna hefur orðið bið á birtingu ákærunnar. Fjölmiðlar hafa því enn ekki fengið upplýsingar um efni hennar, en hún telst formlega birt eftir að dómari hefur gefið út fyrirköll vegna þingfestingarinnar.

Þrír eru enn í farbanni vegna málsins, þeirra á meðal Sindri Þór Stefánsson sem strauk af Sogni í

vor með eftirminnilegum hætti og komst alla leið til Hollands. Ekki liggur fyrir hvort fleiri en Sindri Þór eru ákærðir fyrir sjálfan þjófnaðinn á tölvunum eða hver hlutur hinna sex er talinn vera í málinu. Ekki kemur í ljós fyrr en við þingfestingu málsins hvaða afstöðu sakborningarnir sjö hafa til ákærunnar.

Verðmæti tölvanna sem stolið var er talið hlauða á hundruðum

**» Málið verður þingfest 11. september í Héraðsdómi Reykjaness. Þá kemur í ljós hver afstaða hinna ákærðu er til ákæruatriða.**

milljóna en vélnarar voru sérhannaðar til að grafa eftir bitcoin. Vélunum var stolið úr gagnaverum

bæði í Reykjanessbæ og Borgarbyggð í þremur innbrotum sem framin voru á tímabilinu desember 2017 til síðari hluta janúar 2018.

Rannsókn málsins hefur verið umfangsmikil og leitinn að hinum stölnu tölvum teygst sig alla leið til Kína þar sem 600 tölvur voru í óskilum fyrr í vor. Sú leit hefur þó enn engan árangur borið og tölvunar enn ófundnar. - aa

### FH fái meira fé

**HAFNARFJÖRÐUR** Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnu- deildar FH, segir samninginn um kaup Hafnarfjarðarbæjar á íþróttamannvirkjum í Kaplakriku aðeins fyrsta hluta uppjörs og eigenda- skipta á eignum þar.

Koma mun í ljós að FH eigi tilkall til mun meiri fjár en 790 milljóna vegna eigna sinna í Krikanum. Mörgu er ósvarað um kostnað bæjarins. - aa / sjá síðu 4

Jón Rúnar Halldórsson.



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sigmundur Davíð skrifar um marxísta heilbrigðiskerfi. **8**

**SPORT** Frændsystkini sigruðu Eimskipsmótaröðina. **10**

**MENNING** Lýsingar Benedikts Gröndals á Reykjavík. **22**

**LÍFID** Maggi Kjartans aðstoðar Vintage Caravan. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** • FÓLK • FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentniMakónum Gallup apríl-júní 2015

**NUTRILENK**  
öflugur liðstyrkur



**A4**

SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

**4BLS**  
BÆKLINGUR  
Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2



## Veður



Vaxandi suðaustanátt í dag, 10-18 m/s víða á sunnan og vestanverðu landinu og á Miðhálandinu en þar er gul aðvörðun í gildi. **SJÁ SIÐU 20**



Af vettvangi. NORDIC PHOTOS/AFP

## Skotárás á tölvuleikjamóti í Jacksonville

**BANDARÍKIN** Talið er að fjórir séu látnir og um tugur særður eftir skotárás á tölvuleikjamóti í Jacksonville í Flórídariki Bandaríkjanna í gær. Þetta herma heimildir héraðsmiðla þar í kring en tölurnar höfðu ekki verið staðfestar af yfirvöldum í ríkinu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í yfirlýsingu frá embætti fögeta í Jacksonville segir að nokkrir hafi fallið og að fjöldi væri særður. Biðlað var til fólks að halda sig fjarri staðnum þar sem skotárásin átti sér stað. Í annarri yfirlýsingu sagði að árasarmaðurinn væri meðal hinna föllnu og að leit stæði yfir að mögulegum samverkamönnum.

Þegar árásin átti sér stað voru þátttakendur mótsins að keppa í leiknum Madden en þar bregða leikmenn sér í hlifar og hjálma amerískra NFL-leikmanna. Verið var að streyma mótinu í gegnum vefsíðuna Twitch og má heyrja skothljóð í bakgrunni útsendingarinnar. Árásin átti sér stað um klukkan 16.30 að staðartíma. Samkvæmt heimildum Los Angeles Times, sem enn hafa ekki fengist staðfestar, missti einn þátttakandi mótsins stjórni á skapi sínu eftir að hafa tapað leik og hóf í kjölfarið að hleypa af skotvopni sínu. Sömu heimildir herma að hann hafi sent síðustu kúluna úr byssunni í eigin líkama.

Þetta er þriðja fjöldaskotárásin í ríkinu undanfarin þrjú ár. Árið 2016 fórust fimmtíu í skotárás á klúbbi í Orlando og í febrúar á þessu ári fellu sautján í skotárás á skóla í Parkland. –jóe

## Spyrja sig hvar Haukur sé



Fjölskylda og aðstandendur Hauks Hilmarssonar komu saman í Múltikúltí Málamiðstöð og ger til að hlusta erindi Snorra Páls Jónssonar undir yfirskriftinni Hvar er Haukur? Baráttan um sannleikann í máli Hauks Hilmarssonar. Pann 6. mars síðastliðinn bárust fréttir um að Haukur hefði fallið í árás í Afrin-héraði. Engin staðfesting hefur þó fengist og eftir hafa staðið spurningar þeirra sem stóðu honum næst. FRÉTTABLAÐID/EYFÖR

## Vildi láta reka fulltrúann

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) vísaði í liðinni viku kæru eiganda gistiheimilisins Blöndubóls frá nefndinni þar sem kærufrestur var liðinn. Kæra Blöndubóls barst 5. janúar 2017 og því tók ríflega eitt og hálf ár að vísa málinu frá.

Í kjölfar eftirlitsferðar Heilbrigðis- og auðlindamála (ÚUA) vísaði í liðinni viku kæru eiganda gistiheimilisins Blöndubóls frá nefndinni þar sem kærufrestur var liðinn. Kæra Blöndubóls barst 5. janúar 2017 og því tók ríflega eitt og hálf ár að vísa málinu frá.

Taldi hann að ekki hefði verið tekið tillit til þess að hann hafi verið að taka til eftir næturgesti. Krafðist hann skaða- og miskabóta og að heilbrigðisfulltrúinn yrði rekinn.

Þrátt fyrir að kæra málsins hafi augljóslega verið tilhæfalaus tók þá ÚUA rúma átján mánuði að vísa málinu frá. Í úrskurðinum segir að upplýsingum hans hafi dregist vegna mikils málaflöða. –jóe

# Vankaður smyrill gisti á lúxushótelu í viku

Staðarhaldarar Deplar Farm í Skagafirði hlúðu að slösuðum smyrli í tæpa viku eftir að hann flaug á glugga í hótelinu. Matardagbók fuglsins breyttist lítið í bataferlinu. Smyrillinn Gutti kikir reglulega í heimsókn á hótelið eftir vistina.

**NÁTTÚRA** Lemstraður smyrill varð gleðigjafi á hótelinu Deplar Farm í Fljótunum í Skagafirði í liðinni viku. Fuglinn varð fyrir því óláni að fljúga á einn af gluggum byggingarinnar en staðarhaldarar tóku hann að sér og hlúðu að honum.

„Yfirkokkurinn okkar, Garðar Kári Garðarsson, heyrði mikinn dynk og tók eftir því að smyrillinn hafði lent á glugganum. Hann skellti sér í hanska, tók hann inn og við pössuðum upp á hann,“ segir aðstoðarhótelstjórinn Kjartan Ólafsson.

Að sögn Kjartans var fuglinn með laskaðan vinstri væng og nokkuð ringlaður eftir byltuna. Smyrillinn var komið fyrir í búri og hlúð að honum. Meðan hann var í umsjá þeirra Kjartans og Garðars var ákveðið að nefna fuglinn og hlaut hann nafnið Guttormur Hugi Elevant Garðarsson en eigandi Depla er fyrirtækið Eleven Experiences.

„Sem kunnugt er þá eru smyrilar ránfuglar og næra sig með því að veiða smáfugla og mys. Matseðill Guttorms, eða Gutta eins og hann var kallaður í daglegu tali, breyttist næsta lítið við dvölinna hjá þeim köppum.

„Það gerist mjög reglulega hjá okkur að smáfuglar lenda á rúðunum hjá okkur og drepast við höggi. Meðan Gutti var hjá okkur þá var þeim hent inn í búrið hjá honum í stað þess að fleygja þeim eitthvert annað,“ segir Kjartan.

Smyrlar eru alls ekki vinsælustu fuglar landsins enda margir sem kunna betur við söngfugla og kunna fuglum sem vilja gera þá að bráð litlar þakkir. Eflaust hefðu einhverjir talið réttara að koma smyrilinum



Guttormur Hugi hefur heimsótt hótelið aftur eftir að honum var sleppt.

undir græna torfu til að tryggja að fuglasöngur myndi óma í Fljótunum Kjartan segir að það hafi ekki komið til greina að losa nærumhverfi hótelsins við smyrilinn enda komi veiðar fuglsins reglulega að göðum notum.

„Hann var á lífi þegar við fundum hann og við ákváðum að halda lífinu í honum. Við erum ekki mikili í því að drepa dýr til þess að drepa þau og við hugsum líka um aðra fugla sem eru á lífi þegar við finnum þá. Smyrlarnir ráðast líka á mysnar og koma þannig í veg fyrir að þær skili sér inn til okkar,“ segir Kjartan.

Gutti var gestur hótelsins í sex daga. Á fjórða degi var reynt að sleppa honum en hann vildi ekki fara. Tveimur dögum síðar var hann

hins vegar tilbúinn til að fljúga á brott í frelsið á ný.

„Hann lítur alltaf við hjá okkur núna, lendir á handröðinu hérna og horfir inn,“ segir Kjartan að lokum. [joil@frettabladid.is](mailto:joil@frettabladid.is)

## FRÉTTABLAÐID

+PLÚS

Fleiri myndir frá hátíðinni í túninu heima má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á [frettabladid.is](http://frettabladid.is).

**Mjólk er góð í nýjum fernum**





# Komdu út að hlaupa!

## Haustnámskeið Náttúruhlaupa.

Kynningarfundur í verslun 66°Norður í Miðhrauni í kvöld, 27. ágúst kl. 19:30.

Náttúruhlaup er einstök aðferð til að sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og gefur um leið tækifæri til að sjá landið á nýjan hátt. Námskeið Náttúruhlaupa henta byrjendum jafnt sem þáuvönum hlaupurum. Næsta námskeið er þegar uppselt en þeir sem vilja kynna sér komandi námskeið eru hvattir til að mæta.

Nánari upplýsingar: [natturuhlaup.is](http://natturuhlaup.is)



Staðarfell, Neoshell® jakki.

Vatnsheldur jakki með frábæra öndunareiginleika.  
Verð: 32.000 kr.



Aðalvík, pólóbolur.

Polartec® PowerStretch® efni.

Einstaklega léttur og teygist á fjóra vegu. Þornar fljótt og með frábæra öndunareiginleika.  
Verð: 7.500 kr.



Grettir, hlaupabuxur með endurskini.

Polartec® Power Stretch® Light efni.

Hlaupabuxur úr teygjanlegu efni sem heldur vel við.  
Verð: 10.900 kr.



+PLÚS



## Mannfjöldi mætti á Í túninu heima

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, náði hápunkti um helgina. Meðal þess sem gestum og gangandi var boðið upp á var fornvélasýning en þar ægði saman gömlum flugvélum, dráttarvélum, bifreiðum og mótorhjólum. Vélarnar voru ekki aðeins á jörðu niðri heldur hófu þær, sem til þess eru gerðar, sig á loft og svifu þar vængjum þöndum. Eyþór Arnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á staðnum og festi gleði og gaum gesta á filmu.



» Margir voru áhugasamir um fisvélina TF-222. Einn gestur hafði það á orði að apparatið væri eilítið eins og flugvél sem er að gera sitt besta til að reyna að dulbúa sig sem þyrli. Dæmi nú hver fyrir sig hvort sú tilraun hafi borið árangur eða ekki.





GLAMOUR

Verzlunarhandbók Glamour og Smáralindar er komin út!



*Kiktu við í Smáralind og gríptu með þér frítt eintak!*





Frá Björguninni. MYND/LHG

## Sjómanni í háska bjargað

**BJÖRGUN** Neyðarkall barst frá fiskibáti 28 sjómilur vestur af Straumnesi í gær eftir að leki kom upp í vélarrúmi hans. Einn var um borð í bátinum og fylltist vélarrúmið hratt. Svo heppilega vildi til að bæði þýrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, og varðskipið Týr voru stödd á nálægum slóðum þegar neyðarkallið barst. Líf var við Straumnes og Týr í Aðalvík. Áhafnir Týs og Lífur héldu þegar í stað á vettvang auk þess sem björgunarskipið Gunnar Friðriksson var ræst út frá Ísafirði. Skip í grenndinni voru einnig beðin um að halda á vettvang.

Sjómáðurinn kom sér í flotgalla og yfir í fiskibát sem kom til aðstoðar og tók bátinn í tog. Varðskipsmenn höfu svo björgunaraðgerðir stuttu seinna. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni gekk greiðlega að koma dælu frá varðskipinu fyrir í bátinum og skömmu síðar tókst að dæla sjónum úr vélarrúminu. – smj

## Alvarlega slösuð eftir bílveltu

**BÍLSLVS** Fjórir erlendir ferðamenn voru fluttir á sjúkrahús í Reykjavík með þýrlu Landhelgisgæslunnar í gær eftir að bifreið valt á leið vestur frá Kirkjubæjarklaustri, skammt austan Kúðafljóts í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi var stúlka, fædd árið 2003, alvarlega slösuð en hún kastaðist út úr bílnum í slysinu. Farþegar bílsins tilheyrðu allir sömu fjölskyldu.

Slysið er til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa. – smj

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# FH telur 790 milljónirnar bara byrjunina á því sem greiða beri

Formaður knattspyrnudeildar FH segir samninginn um kaup bæjarins á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika aðeins fyrsta hluta uppgjörs og eigendaskipta á eignum í Kaplakrika. Koma muni í ljós að FH eigi tilkall til mun meiri fjár en 790 milljóna vegna eigna sinna í Krikanum. Mörgu er enn ósvarað um kostnað bæjarins.

**HAFNARFJÖRÐUR** Formaður knattspyrnudeildar FH, Jón Rúnar Halldórsson, segir FH-inga enn eiga mikið inni hjá Hafnarfjarðarbæ og félagið hafi væntingar um að þegar eignaskiptasamningar verði komnir í höfn milli félagsins og Hafnarfjarðarbæjar vegna mannvirkja í Kaplakrika megi nálægt því tvöfalda þær 790 milljónir sem bærinn hefur samið um að greiða félaginu fyrir þrjú íþróttamannvirki í Kaplakrika.

Allt hefur logað í bæjarpolitikinni í Hafnarfirði vegna nýjustu vendinga í knattþúsamálunni. Eftir að fyrirætlunir um að bærinn byggði nýtt knattþús í Kaplakrika runnu út í sandinn, var samþykkt í bæjarráði að bærinn keypti í staðinn þrjú íþróttamannvirki af FH en félagið notaði kaupverðið, 790 milljónir, til að byggja knattþús. Örfáum dögum síðar voru fyrstu 100 milljónirnar greiddar til félagsins.

Eins og Fréttablaðið hefur greitt frá er Hafnarfjörður eigandi að 80 prósent hlut í einu þeirra húsa sem bærinn hefur samþykkt að kaupa af félaginu, handboltahúsinu svokallaða. Eignarhluti bæjarins er skráður í bækur bæjarins á 92 milljónir og ljóst er að það þarf að flytja þessa eign yfir til FH til að Hafnarfjörður geti keypt hana af félaginu. Af fyrirhuguðum kaupum bæjarins á 55 prósent hlut í knattþúsunum í fyrra, fyrir 200 milljónir, má draga þá ályktun að bærinn muni kaupa handboltahúsið sem bærinn á að mestu leyti sjálfur á 470 milljónir.

Fulltrúar meirihlutans hafa margtírekað að bæjarsjóður muni ekki bera frekari kostnað af yfirfærslu þessa eignarhluta til FH. Á húsinu



Fyrsta skóflustunga var tekin að nýju knattþúsi í síðustu viku. Engir bæjarfulltrúar létu þó sjá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hvilla hins vegar 870 milljónir samkvæmt veðbókavottorði og ekki er ljóst hvert þessi veð verða flutt. En húsin á að afhenda bænum skuldlaus. Á hinum húsunum tveimur sem bærinn kaupir hvila samtals 238 milljónir.

Í rammisamningi um kaup bæjarins segir að húsin verði keypt á 790 milljónir en þess þó einnig getið að endanlegt verðmæti húsanu verði ljóst eftir vinnu Kaplakrikahöps sem leiða muni til lykta frekari eignaskiptingum og eignarhald í Kaplakrika, en hópurinn eigi að skila tillögu að eignaskiptasamningi fyrir 1. október.

Jón Rúnar segir samkomulag um

kaup húsanu fyrir 790 milljónir aðeins fyrsta skrefið til að koma málinu af stað. Aðalmálið fyrir FH sé frágangur eignaskiptingarinnar.

„FH á, fyrir utan knattþúsinn, verulega fjármuni í þessum eignum. En til að klára málið og koma þessu máli öllu af stað eru þessar eignir sérteknar þarna fram,“ segir Jón Rúnar og visar til rammisamkomulagsins og húsanu sem bærinn mun kaupa. „Síðan, þegar það kemur loks endanleg niðurstaða í eignaskiptinguna alla saman, þá loksins er hægt að skilgreina þetta. Og miðað við þessa upphæð sem við tókum að okkur að byggja knattþúsið fyrir; þessar

790 milljónir, þá eru það væntingar okkar miðað við okkar útreikninga að við eigum hátt í tvöfalt þessa upphæð sem um er að ræða, fyrir utan fótþoltahúsin tvö,“ segir Jón Rúnar.

Búast má við að deilur um málið haldi áfram í bæjarstjórn enda margt enn óljóst. Enn er ekki vitað hvert endanlegt verðmæt eignanna verður, hvaða kostnað bæjarfélagið mun bera af því að losna undan eignarhaldi handboltahússins, hvert áhvilandi skuldir á hinum nýkeyptu húsum verða fluttar og hvernig FH mun í kjölfarið standa undir þungri skuldastöðu sinni.

adalheidur@frettabladid.is

## Ríkið mun geta gefið út skuldabréf til lengri tíma en 25 ára

**VIÐSKIPTI** Íslenska ríkið mun geta gefið út skuldabréf til lengri tíma en 25 ára verði frumvarp sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samið að lögum. Ráðuneytið hefur birt drög að frumvarpinu en í greinargerð sem því fylgir segir að ríkisskuldabréf til lengri tíma en 25 ára geti verið „akjósanlegur fjárfestingarkostur“ fyrir lífeyrissjóði og aðra fjárfesta með langtímaskuldbindingar.

Ætla megi að fyrirsjáanleg stækkun lífeyrissjóðanna á næstu árum og ára-

tugum geti leitt til aukinnar eftirspurnar eftir lengri skuldabréfum af þeirra hálfu.

Í greinargerðinni er jafnframt tekið fram að útgáfa lengri skuldabréfa geti auðveldað ríkissjóði að ná markmiðum sínum um meðalánstíma lánasafns síns en gert er ráð fyrir að sá tími sé á bilinu fimm til sjö ár.



þó segir að núverandi stefna í lánamálum geri ekki ráð fyrir að slíkur möguleiki verði nýttur nema ef sýnt þætti að slíkt útgáfa hefði „verulega hagkvæmni“ í för með sér fyrir ríkissjóð.

**Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.**

Er einnig bent á að mörg ríki hafi á undanföllum árum gefið út skuldabréf til lengri tíma en 30 ára í þeim tilgangi að læsa inn sögulega lága vexti og tryggja þannig hagstæða fjármögnun til framtíðar. Þó er tekið fram að skuldabróum Íslands í samanburði við önnur ríki sé „verulega hagstæð þar sem skuldir ríkissjóðs hafa lækkað hratt á undanföllum árum ólíkt mörgum öðrum löndum þar sem skuldahlutfall er enn hækkandi“. – kj

jeep.is



MÁN

ÞRI

MÍÐ

FIM

FÖS

LAU

SUN

## JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK

JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF. VERÐ FRÁ 9.990.000 KR. 33" BREYTTUR VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.

DÍSEL 3.0L 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN.

STADALBÚNAÐUR MA: LOFTPUÐAUFJÖÐRUN, HITI OG KÆLING Í SÆTUM, HITI Í STÝRI,

RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI O.M.FL. AUKAHLUTIR Á MYND DRÁTTARKRÓKAR AÐ FRAMAN.

**ISABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BILAUMBOD

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE





Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.

# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STAREFSMANNI

– með námi hjá Promennt



FRÆÐSLUSKÝLIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA Í BEINNI

## SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

- Sérlega viðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

### EINSTAKT VERÐ

Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysioflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 88.000 kr. (heildarvirði er 580.000 kr.).

### FYRIR HVERJA?

Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldri og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

### MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU

Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri á að læra á eigin forsendum.

Hefst 6. september • Kvöldhópur • Tvær annir

### STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro
- Gerð stafræna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef
- Facebook sem markaðstæki
- Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords
- Vefgreining með Google Analytics
- Tölvupóstmarkaðssetning

## GRAFÍSK HÖNNUN

- Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum.

Hefst 4. september • Kvöldhópur • 20 skipti



## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

- Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stiga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst 17. september • Kvöldhópur • 22 skipti

### UPPLIFUN NEMENDA

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því min bestu meðmæli.“  
Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.



# Of mikið risk og kostnaður við að leita að asbesti í skólum

**STJORNMAÐL** Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á asbesti í stofnunum borgarinnar, sérstaklega leik- og grunnskólum, var felld af fulltrúum meirihlutans á síðasta fundi borgarráðs. Við afgreiðslu málsins vísaði meirihlutinn í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að asbest væri aðeins hættulegt ef hróflað væri við því eða það rifid niður.

„Ef það á að kortleggja asbest í húsnæði í eigu borgarinnar þyrfti að ráða til þess sérfræðinga og rýma húsnæðið á meðan leit stæði yfir. Myndi þetta valda verulegu riski á starfsemi borgarinnar, miklum útgjöldum og skapa áhyggjur og ótta meðal fólks og jafnvel meiri hættu en áður,“ segir í bókun borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pirata og Vinstri grænna.

**Mikilvægt er að tryggja sé að skoðing efnis líkt og asbest sé ekki að finna í húsnæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar.**

Eyþór Arnalds borgarfulltrúi



Í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, þeirra Eyþórs Arnalds, Mórtu Guðjónsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur, er vísað til þess að starfsmönnum leikskólans Drafnarborgar hafi verið bannað að nepla í vegg þar sem grunur leiki á að asbest sé að finna í klæðningu innanvegga.

„Þannig er nauðsynlegt að farið verði í fyrirbyggjandi aðgerðir á leikskólanum og gengið sé þar úr

skugga um að ekki leynist efni sem geta valdið starfsfólki og nemendum skaða. Mikilvægt er að tryggja sé að skoðing efnis líkt og asbest sé ekki að finna í húsnæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Ef svo er þá þarf að meta hættuna á mögulegri mengun og gripa til viðeigandi úrræða í samráði við sérfræðinga til að tryggja að hvorki börn né starfsmenn verði fyrir mengun.“ – smj



John McCain. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## McCain látinn

**BANDARÍKIN** Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain lést á laugardag, 81 árs að aldri. McCain hafði glímt við heilaexlí sem hann greindist með fyrir nokkru. Hann lést í faðmi fjölskyldu sinnar á búgarði sínum í Sedona í Arizona.

McCain var forsetaefni Repúblikanaflokksins árið 2008 en laut þá í lægra haldi fyrir Barack Obama. Hann hafði áður boðið sig fram í forvali Repúblikanaflokksins árið 2000 en tapaði þá fyrir George W. Bush.

» Heilaexlíð fannst í árlegri lækni skoðun Johns McCain í júlí í fyrra. Rúmu ári síðar var hann látinn.

McCain var áhrifamikill stjórnmálamaður í þau rúmlega 36 ár sem hann sinnti því starfi og naut mikillar virðingar. McCain var ávallt hampað sem stríðshetju eftir að hafa lifað af vist sem stríðsfangi í Vietnam í fimm og hálfu ár. Hann var látinn laus 14. mars 1973.

Undir það síðasta eldaði hann grátt silfur við Donald Trump Bandaríkjaforseta sem fór hördum orðum um McCain í kjölfarið. Trump sendi þó fjölskyldu og aðstandendum McCains samúðarkveðjur á Twitter í gær.

Ótalmargir samferðamenn og frægðarfólk minnstu McCain á samfélagsmiðlum í gær og fóru fögrum orðum um þennan merkis mann. Hann létur eftir sig eigin konuna Cindy og sjö uppkomin börn. – smj

# SFS harma breytingar á grundvelli meints brottkasts

Mikill munur er á athugasemdum hagsmunaaðila í sjávarútvegi við frumvarpsdrög um rafrænt eftirlit með skipum og löndun afla. SFS telja drögin illa igrunduð en LS að þau auki traust til sjávarútvegsins.

**SJÁVARÚTVEGUR** Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) leggja gegn breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um umgengi um nýttastofna sjávar sem varaða myndavélaeftirlit með skipum og breytingar á eftirliti með vigtun sjávarafila. Við annan tón kveður í umsögn Landssambands smábátaeigenda (LS).

Samráðið um drög að frumvarpi um breytingar á lögum þessa efnis lauk í gær. Fimm umsagnir bárust og voru umsagnir SFS og LS meðal þeirra. Meðal þess sem drögin kveða á um er aukið eftirlit með vigtun afla til að tryggja að afla sé ekki landað fram hjá vigt. Þá er í frumvarpsdrögum einnig kveðið á um að öll skip sem stunda veiðar í atvinnuskyni skuli hafa um borð virkt, rafrænt myndavélakerfi. Efni úr myndavélunum skal vera aðgengilegt starfsmönnum Fiskistofu. Fiskistofa hefur áður gert tilraunir með slík verkefni en Persónuvernd gert stofnunina aftur-reka þar sem lagaheimild fyrir slíku skorti.

Í upphafi umsagnar SFS er þess getið að samtökin telja að ráðuneytið hefði betur beðið eftir niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu með fiskveiðum sem nú er unnið að.

„[Það sætir] furðu að unnið sé að stjórnýsluúttekt, þar sem rann-



Frumvarpsdrögin veita heimild til rafrænnar vöktunar með löndun afla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

saka á þætti er varða mögulegt brottkast og vigtun sjávarafila, en áður en niðurstæða þeirrar úttektar liggur fyrir hefur verið birt frumvarp til breytinga á lögum hvað þetta varðar – frumvarp sem ætlað er að taka á meintu vandamáli sem ekki hefur verið staðfest,“ segir í umsögninni.

Í umsögninni segir enn fremur að áður en ráðist sé í svo miklar breytingar ætti það að vera skylda stjórnvalda að gera könnun á umfangi „meints brottkasts“. Frumvarpið beri ekki með sér að nein greiningarvinna hafi verið unnin um efnið.

Þá gagnrýna SFS að frumvarpsdrögin kveði ekki nógu glögglega á um hvernig framkvæmd eftirlitsins skuli háttað.

„SFS telja ótækt að öll útfærsla eftirlitsins sé svo óljós og nánast tilviljanakennd og ráðherra sé falið vald til að útfæra nánast öll atriði sem snerta myndavélaeftirliti. Slíkt samræmis ekki vandaðri laga-setningu,“ segir í umsögninni.

Í drögum er stefnt að því að óheimil verði að hefja endurvigtun á afla fyrr en vigtun á hafnarvog sé lokið. SFS telur að slíkt muni hafa mikið óhagræði í för með sér,

hægja á vinnslu aflans og skip muni tapa miklum tíma frá veiðum.

Umsögn LS er aftur á móti öllu jákvæðari. Að mati LS auka frumvarpsdrögin á áreiðanleika við vigtun og leiði til heiðarlegri samkeppni í útgerð og fiskvinnslu.

„Það er mat LS að gildandi reglur hafi leitt til mismununar sem skekkir hafi samkeppnisstöðu innan kerfisins. Vigtarreglur hafa fengið það orð á sig, og ekki að ástæðulausu, að þar sé að finna stærstu vívilnun til kvóta sem í gildi er,“ segir í umsögninni.

jo@frettabladid.is

## Vertu reyklaus

Í eitt skipti fyrir öll með Nicotinell

15% afsláttur af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, plástrum og munnsogstöflum. Afslátturinn gildir út ágúst í verslunum Lyfju.

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástrur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfnsins. Leitið til læknis eða lyfjafráðings sé þó frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

15%  
AFSLÁTTUR



**LYFJA**  
– Lifid heil



# Hyundai i10.

Stórkostlega vel útbúinn smábíll.

Verð frá:  
**2.050.000 kr.**



ENNEMM / SIA / NMB9480

**5** ÁRA  
ÁBYRGÐ  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.050.000 kr.**

 **HYUNDAI**

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



# SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

## Í filabeinsturni



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Það er mikilvægur eiginleiki að geta sett sig í spor annarra, ekki síst þeirra sem þurfa að hafa mikið fyrir lífsbaráttunni. Það skiptir ekki síst máli að stjórn-málamañn sé færir um þetta en lokist ekki inni í filabeinsturni þar sem þeir lifa og starfa í þeirri vissu að allir hafi það ágætt, þótt sjálfir hafi þeir það mun betra en flestir.

Það ætti að vera forgangsræktin hvírrar ríkisstjórnar á hvaða tíma sem er að leitast við að rétta kjör þeir sem lakast standa hverju sinni. Þá þarf vitanlega að forgangsræða. Ríkisstjórnir víroast þó af einhverjum ástæðum alls ekki áhugasamar um þetta.

Ræða ráðamanna um góðæri í landinu er allkun, en um leið er það svo að fjölmargir einstaklingar verða aldrei varir við það. Þeir eiga nóg með að safna fyrir okkurleigunni sem þeim er gert að borga í hverjum mánuði og ekki er langt liðið á mánuðinn þegar kaupíð dugar ekki lengur fyrir matarinnkaupum. Það er engan veginn hægt að segja að þetta folti geti sjálfu sér um kennt. Það er fast í gildru þar sem hver mánuður snýst um að láta lág laun duga eins lengi og hægt er.

Alltof oft er eins og stjórnmalamönnunum standi nákvæmlega á sama um kjör þeirra sem þurfa að hafa mikið fyrir því að sjá fyrir sér og sínum. Á hægri væng stjórnmalma er viðvarandi skilningsleysi á kjörum þessa hóps og litill vilji til að leiðrétta þau. Þegar pólitíkusarnir á vinstri væng eru í stjórnarandstöðu þá hröpa þeir slagorð um að bæta þurfi kjör láglaunafólks en þegar þeir komast í ríkisstjórn eru þeir furðu fljótir að gleyma þeim orðum. Þeir eru komnir á þægilegan stað í lífinu og um leið er umhyggja fyrir þeim sem eiga í harðri lífsbaráttu ekki ofarlega í huga þeirra.

Það er illa komið fyrir ráðamönnunum þegar þeir lokast inni í einkaveröld sinni og eru hættrir að geta lesið í umhverfi sítt. Dæmi um þetta er hvernig hið alræmda kjararáð fékk að starfa óárett í lengri tíma og taka dæmalasur ákvarðanir um gróðarlegar launahækkanir til fólks sem þegar var með eftirsóknarverð laun. Sjóleiki og viðbragðsleysi stjórnmalamanna gagnvart þessum ákvörðunum kjararáðs sætr furðu. Jafnt og þétt óx gremja almennings sem spurði: Hvað með hækkanir til okkar? Þá varð vitanlega fát um svör, en loks var kjararáði gert að deýja drottni sínum. Það gerðist hins vegar of seint. Afleiðingarnar eru þar að verkalyðsforingjar boða hörð atök í komandi kjarasamningum. Það er erfitt að hafa samúð með ríkisstjórn, sem með sleni og aðgerðaleysi kallaði yfir sig óróa á vinnurmarkaði.

Það blasir við, eins og svo oft áður, að rík ástæða er til að rétta hag þeirra sem lægst launin hafa. Það þarf að gera á þann hátt að kjarabótin verði varanleg. Einmitt þar á áherslan að vera. Um leið þurfa þeir hópar sem þegar eru með góð laun að sýna samfélagslega ábyrgð og gefa eftir í kröfum sínum. Vonandi verður það þeim ekki um megn.

Alltof oft er eins og stjórnmalamönnunum standi nákvæmlega á sama um kjör þeirra sem þurfa að hafa mikið fyrir því að sjá fyrir sér og sínum.

### Haldór



### Frá degi til dags

**Dónalegir skattþegar**  
Þeir sem þiggja fé úr opinberum sjóðum láta of oft eins og þeir hafi engum skyldum að gegna við borgunarmann sína. Hvert sem um er að ræða sveitarfélög, stofnanir, frjáls félagasamtök, íþróttafélög eða aðra, þá er sjálf-sagt að sýna þeim sem unnið hafa fyrir umráðnum fjárveitingum þá virðinguna að gera skilmerki-lega grein fyrir því hvernig fénu er varið og sýna kjörnum full-trúum sem hafa eftirlit með því fé hvorki dónaskap né yfirletti og koma kurteislega fram við þá sem spyrja sjálfsagðra spurninga.

**Okkar léttúðarfullu viðhorf**  
Einhverra hluta vegna er okkur ekki eiginlegt að umgangast skattfé af virðinguna. Við höfum ólíkar skoðanir á því hversu mikið eigi að innheimta af sköttum og með hvaða hætti sú innheimta leggst á skattgreið-endur. Það er eðlileg pólitík. En viðhorf okkar til þess hvernig farið er með almannafé sem útdelt er til stofnana, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka eru allt of léttúðarfull. Sveitarstjóra sem hefur tekið við hálfum milljarði úr ríkissjóði þykir til dæmis sjálfsgætt að biðja spyrj-andi blaðamann um vinnufríð. Bæjarfulltrúi sem reynir að fá upplýsingar upp á boru um hundruð milljarða sem ausið er til íþróttafélags fer í taugarnar á öllum hlutaðeigandi.  
adalheldur@frettabladid.is

## Heilbrigðiskerfi að hætti Marx og félaga



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
Þingmaður

Flestir landsmenn eru sem betur fer sammála um að á Íslandi eigi ríkið að tryggja öllum góða heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðiskerfi er langdýrasti liðurinn í rekstri ríkisins. Eigi markmiðið um góða þjónustu fyrir alla að næst skiptir öllu máli hvernig staðið er að rekstri kerfisins.

Það er því mikið áhyggjuefni að nú skuli hafa verið tekin upp stefna sem er ekki hægt að kalla annað en harðlína sósíalisma í heilbrigðismálum. Teknar eru ákvarðanir sem augljóslega eru óskynsamlegar og jafnt og þétt horfið frá því sem best hefur reynst á Íslandi og erlendis. Allt í nafni hug-myndaðræði sem hvergi hefur gengið upp. Jafnvel góðgerðar-samtök sem byggja að miklu leyti á sjálfbodastarfi fá að finna fyrir hinni marxísku endurskipulagningu.

A meðan verið er að koma á sósíalíska kerfinu sendir ríkið sjúklinga í aðgerðir á einkareknum stofnunum í Danmörku og Svíþjóð og greiðir fyrir þrefalt það sem myndi kosta að framkvæma aðgerðirnar á Íslandi. Í sumum tilvikum fylgja jafnvel íslenskir læknar sjúklingunum til útlanda og framkvæma aðgerðina þar. Viðhorf þeirra sem ráða för virðist vera að um sé að ræða starfsemi sem teljist á einhvern hátt óhrein og megi því ekki fara fram innan landamæra en hægt sé að lifa fram hjá því og borga aukalega fyrir ef „glæpurinn“ er framinn utan landsteinanna.

Algengt er orðið að fólk sem þarf að leita til sérfræði-lækna fái ekki tíma vegna þess að læknum, sem þó eru til í að vinna fyrir opinbera kerfið, er ekki hleypst inn. Sjúklingar geta því valið um að þjást á biólista í ár eða greiða sjálfir fyrir þjónustuna og fá hjálp strax. Sósíalisminn leiðir oft af sér ójafnræði.

Verst er þó líklega að þar sem hægt er að ná mestum árangri og bjarga fólki með forvornum eða með því að bregðast tímanlega við er þrengt að þeim sem geta náð mestum árangri. Þrengt er að starfsemi sem getur sýnað samfélagingu gróðarlegt fjármagn til viðbótar við á bjarga heilsu og mannslífum. Framkoma stjórnvalda gagnvart SÁÁ er skýrt dæmi um þetta.

SÁÁ eru ekki ríkissaparar og falla því utan hinnar nýju stefnu. Stefnu sem virðist miða að því að íslenska heilbrigðis-kerfið verði eitt bakan sem starfar á einum stað og sá staður skal vera við Hringbraut í Reykjavík.

Teknar eru ákvarðanir sem augljóslega eru óskynsamlegar

PLUKKFIÐSKUR

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára • Spönginni • Skippholti

HUMAR



# Ullum bara

í DAG



Guðmundur Steingrímsson

**M**éð nokkurri einföldun, og kannski smá ósanngirni — en við skulum leyfa okkur það til dægurstyttingar — má skipta fólki sem tekur þátt í stjórnmálum í tvo hópa. Annars vegar höfum við höfstilltu manneskjurnar sem vilja leita leiða til þess að auka sátt í samfélaginu, virða skoðanir annarra, hafa stjórnmál eðlilegri og leitast við að vera kurteist og yfirvegað. Hins vegar höfum við fólkið sem er sléttisama um kurteisi, litur á gott opinbert rifrildi sem tækifæri í eigin þágu, vill sem mest fjáðrafok í kringum sjálf sig, talar af meinfýsni um „góða folkio“ og ber litla sem enga virðingu fyrir skoðunum annarra. Fulltrúar seinni hópsins hafa náð góðu brautargengi í stjórnmálum undanfarið, til dæmis í Bandaríkjunum, þar sem forseti þjóðarinnar eys illsku á Twitter á degi hverjum og lætur alls konar óhróður og fásinnu flakka. Honum er sléttisama um samræðustjórnmál.


Þegar ég tók þátt í stjórnmálum einu sinni, á öðrum tíma og í öðru sólfkerfi, fór ég í nokkur ár fyrir pól-

itisku afli sem vildi leitast við að bæta stjórnmálin, auka virðingu, fá öll sjónarmið að borðinu og svo framvegis. Við boðuðum ný stjórnmál. Ég hef hugsað svoltið um það síðan, hvort þetta hafi verið misráðið. Það er sterkur þráður í mér sem myndi, ef ég færi einhvern tímann aftur í stjórnmál — til dæmis á gamals aldri — leggja mun meiri áherslu á góðan skæting. Ég held að góður, kjarnytur, harðneskjulegur skætingur sé jafnvel frekar málið.

## Að byggja sér glerhús

Sjáiði til: Óforskammaða popúlístingengio veður uppi. Það var segin saga á þingi, að í hvert sinn sem maður vildi mótmæla oft fátánlegum málfutningi sliks fólks — og það jafnvel sauð á manni út af augljóstri óskammfeilni þess (og ég nenni ekki að bæta við „að minnu mati“ eins og maður þurfi alltaf að skeyta sanngjörnum fyrirvara við allt sem maður segir) — þá kom þetta fólk yfirleitt á eftir manni í pontu og spurði með hvolpaugum og vandlættingartón (sem er athyglisverð blanda): Hva, ætlaðir þú ekki að vera kurteis? Vildir þú ekki ný stjórnmál? Maður var sem sagt, með síðbótartali sínu, í raun og veru búinn að reisa sér glerhús og ef maður svo mikið sem lét eitt stygðaryrói falla um aðra, gagnrýndi smá, missti stjórn á skapi, þá var litioð svo á að steini hafi verið kastað úr því glerhúsi og allt sprungið. Maður væri þar með pólitískur markleysingi.

Fyrir fólk sem er ekki í glerhúsi



**Það er eins og minnihlutinn hafi drukkið djöflasýru. Hann gerir mál úr öllu.**

— og mun aldrei vera — er þetta ekki vandamál. Það bara rifur kjaft. Kastar steinum í allar áttir. Ekkert smallest. Auðvitað getur kurteist fólk sannfært sig um að einhvern

til baka með barnabörnum sínum og skoðar gjörörir sínar í nýju ljósi. Karma, örlögin, dómur sögunnar, samviskan. Öll þessi fyrirbrigði eru of óáreiðanleg.

## Mál til komið

Fulltrúar frjálslyndra afla í pólitík, og sósíalískra jafnvel, víða um lönd hafa fjallað töluvert um þennan veruleika. Það er skrifað inn í klassíska frjálslyndisstefnu að allir hafi rétt á skoðunum og jafnvel er það trú frjálslyndra stjórnmálamanna að besta niðurstaðan fáiast í flókin mál þegar margar skoðanir komi að umræðunni. Það er því frjálslyndum öflum eðlislegt að sýna öðrum virðingu. Það er hins vegar óhátt að segja að öfl sem deila ekki þessari heimssýn, valdsæknari öfl, fásiskari jafnvel og ófyrirleitnari, hafi gengið á lagið. Frjálslyndir fá yfir sig fúkyrðaðlaum og í stað þess að svara fullum hálsi er reynt að vera yfir svoleiðis hafinn.

Það gengur ekki. Það er mál til komið að svara fullum hálsi. Dæmi: Allt er í steik í borgarstjórn núna. Það er eins og minnihlutinn hafi drukkið djöflasýru. Hann gerir mál úr öllu. Rifst og skammast. Markmiðið er kannski þetta: Að skapa sundrunu og óreiðu. Þyrlla upp ryki. Það getur tekist, nema eitthvað sé gert. Í miðri deilu um eitthvað smáatriðið ullaði Líf á Mörtu. Það var svosem ekki tilkomið. Ég sjálfur á erfitt með að ulla. En í ljósi stöðunnar styð ég þetta ull. Ullum bara. Rifum kjaft. Svörum. Hugsjónirnar eru í húfi. Það þarf að berjast fyrir þeim.



## Straumhvörf

### Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

- ▶ 17" álfelgur ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður ▶ Málm/glitlakk
- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ MMI útvarp ▶ Bluetooth símatenging
- ▶ Bluetooth tenging fyrir tónlist
- ▶ Dynamic stefnuljós ▶ LED afturljós
- ▶ Fjarstýrðar samlæsingar
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Tenging fyrir USB og Iphone
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Hæðarstillanleg framsæti
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Ljós- og regnskynjari
- ▶ Skynjari fyrir loftþrýsting í hjólbörðum
- ▶ Baksýnispegill með glyjuvörn
- ▶ Rafdrifnir upphitaðir og aðfellanlegir útspeglar
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Leðurklætt aðgerðastýri ▶ Hiti í framsætum
- ▶ ABS bremsukerfi ▶ ESP stöðugleikastýring
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)

Listaverð 4.560.000 kr.

Tilboðsverð 4.090.000 kr.

5 ára ábyrgð

Til afhendingar strax



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is





FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

Stigameistararnir 2018 og frændsystkynin Axel Bóasson og Guðrún Brá Björgvinsdóttir kampakát á átjándu flöt í Grafarholti. MYND/ FROSTI BERGMANN EIDSSON

# Hefur verið afar lærdómsríkt ár

Frændsystkynin Axel Bóasson og Guðrún Brá Björgvinsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar á Eimskipsmótaröðinni í golfi. Golfheföin er afar rík í fjölskyldu þeirra.

**GOLF** Eimskipsmótaröðin í golfi, stigakeppni Gólf sambands Íslands, kláraðist um helgina þegar Securitas-mótið fór fram í Grafarholti. Heimamaðurinn Guðmundur Ágúst Kristjánsson varð hlutskarpastur í karlaflokki en Helga Kristín Einarsdóttir, GK, stóð uppi sem sigurvegari í kvennaflokki og hlutu þau að launum GR-bikarinn.

